

REGLUR

um óbyggðaðflug og flug yfir sjó.

1. gr.

Almennt.

Reglur þessar gilda fyrir öll íslensk loftför. Með „óbyggðum“ er í reglum þessum átt við svæði, sem fjær liggja byggðu bóli en 25 km.

2. gr.

Útbúnaður í óbyggðaðflugi.

Í óbyggðaðflugi á eins hreyfils loftförum skal hafa útbúnað meðferðis, sem tryggi öryggi áhafnar og farþega í a. m. k. sólarhring, komi til nauðlendingar í óbyggðum. Útbúnaðurinn miðist við árstíma og aðstæður hverju sinni, svo sem skjólfatnaður, tjöld og matföng.

3. gr.

Flug yfir sjó.

Björgunarvesti fyrir áhöfn og farþega skulu ávallt vera í íslenskum loftförum. Eins hreyfils loftförum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Sjúkraflug og annað neyðarflug er undanþegið ákvæðum þessarar málsgreinar og loftferðaeftirlitið getur veitt sérstakar undanþágur til ferjuflugs o. þ. h.

Sé loftförum flogið fjær landi en 50 sjómílar, skulu vera um borð björgunarbátar, sem rúma alla um borð.

4. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum þessum varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Mál út af brotum á reglum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 89. gr. sbr. 163. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um öræfaflug og flug yfir sjó nr. 144 15. september 1967.

Samgönguráðuneytið, 23. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.